

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

6. febrúar 2018

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Þess ber helst að geta að þessa vikuna eru nemendur 9. bekkjar staddir í Ungmenna- og tómstundabúðunum á Laugum í Dalasýslu en hefð er fyrir því að 9. bekkur dvelji þar eina viku á ári. Umsjónarkennari þeirra, Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir, er með þeim á Laugum.

Starfið framundan:

Starfsdagur kennara

Miðvikudaginn 7. febrúar verður starfsdagur kennara og er því frí hjá nemendum þennan dag.

Starfskynning 10. bekkjar

10. bekkur fer í starfskynningu dagana 7.- 9. febrúar. Þá velja nemendur bekkjarins nokkur fyrirtæki til að heimsækja og kynna sér starfsemi þeirra. Nemendur skila svo greinargerð um dagana þegar þeir koma aftur í skólann.

Öskudagur

Miðvikudaginn 14. febrúar er öskudagur og þá brjótum við upp skólastarfið að vanda. Nemendur mæta í skólann á venjulegum tíma, uppáklæddir í hina ýmsu búninga. Tímanum fram að kaffi er svo varið í að mála þá sem þess þurfa og æfa söng. Eftir kaffi eru fyrirtækin í staðnum heimsótt þar sem ævinlega er tekið á móti okkur með einhverjum kræsingum. Skóla lýkur svo um kl. 12 og borða nemendur hádegismat áður en grímuballið hefst.

Öskudagur

Grímuball fyrir 1. – 10. bekk frá öllum starfsstöðvum og leikskólabörn verður miðvikudaginn 14. febrúar, öskudag, frá kl.13:00 – 15:00. Þar sem ballið er innan venjulegs skólatíma, er skólaakstur heim eftir ballið.

Vetrarfrí

Fimmtudaginn og föstudaginn 15. og 16. febrúar er vetrarfrí í skólanum.

Dans- og nýsköpunarvika

Vikuna, 19. – 23. febrúar verður danskennsla og nýsköpunarþema alla vikuna. Allir nemendur Grunnskólans austan Vatna verða þessa viku saman á Hofsósi og taka þátt í þemanu, að undanskildum þeim nemendum á unglíngastigi sem eru á hestanámskeiði á Hólum. Nánari upplýsingar um vikuna koma síðar.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi